

## AUGLÝSING

81

22. júlí

um breyting á reglugerð um holræsi í Bolungavík, nr. 106 26. maí 1943.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, kr. 100.00 árlega, af hverju húsi og auk þess gjald, sem miðast við fasteignamat húsanna, sem hér segir:

|  |    |
|--|----|
| Af fyrstu kr. 5000.00 greiðist .....       | 1% |
| — næstu kr. 5000.00 greiðist .....         | 6‰ |
| — því, sem þar er fram yfir greiðist ..... | 3‰ |

Gjöld þessi er hreppsnefnd Hólshrepps heimilt að hækka eða lækka um allt að 50%, bæði gjöldin í heild og einstaka liði.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 146 26. júlí 1951 um breyting á reglugerð um holræsi í Bolungavík, nr. 106 26. maí 1943.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. júlí 1959.*

**Friðjón Skarphéðinsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Skipstjóra- og stýri- **82**  
mannafélagsins Ægis, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. júlí 23. júlí 1959.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með framlagi úr félagssjóði Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis í Reykjavík. Stofnfé sjóðsins er kr. 70700.00 — sjötíu þúsund og sjö hundruð krónur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja meðlimi Ægis ef þeir verða hjálparþurfa, ekkjur þeirra eða börn.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru kr. 10.00 af ársiðgjaldi hvers starfandi félagsmanns í Ægi, ársvextir af höfuðstól og frjálsar gjafir. Stjórn félagsins er þó heimilt að allt að tífalda framlagið til sjóðsins, ef henni finnst ástæða til og sjóðurinn er fjárþurfi.